

Eystrahorn

21. tbl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 7. júní 2018

www.eystrahorn.is

Útskrift hjá Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu



Mynd: Sigurður Mar

Þann 26. maí fór fram útskrift frá FAS. Að þessu sinni útskrifuðust 14 stúdentar, einn nemandi lýkur framhaldsskólaprófi, einn nemandi lýkur námi í fjallamennsku, fjórir útskrifast af fisktækniþraut, einn nemandi útskrifast úr tækniteiknun og fimm nemendur af sjúkraliðþraut.

Nýstúdentar eru: *Amalía Petra Duffield, Ágúst Máni Aðalsteinsson, Áróra Dröfn Ívarsdóttir, Hildur Ósk Hansdóttir Christensen, Ísabella Ævarsdóttir, Janus Gilbert Stephenson, Júlía Þorsteinsdóttir, Kristófer Laufar Hansson, Lukka Óðinsdóttir, Ólöf María Arnarsdóttir, Patrycja Rutkowska, Sigurbjörg Karen Hákonardóttir, Sólveig Ýr Jónsdóttir og Sunna Dögg Guðmundsdóttir.*

Af fisktækniþraut útskrifast: *Pálmi Snær Brynjúlfsson, Sigrún Stefanía Ingólfssdóttir, Sigurbjörg Einarsdóttir og Skúli Ingólfsson.*

Auðbjörn Atli Ingvarsson útskrifast af framhaldsskólalæru. *Birkir Atli*

Einarsson útskrifast úr fjallamennskunámi og *Rannveig Einarsdóttir* úr tækniteiknun.

Guðbjörg Guðlaugsdóttir, Heiða Vilborg Sigurbjörnsdóttir, Inga Jenny Reynisdóttir, Mahder Zewdu Kebede og Stefanía Hilmarsdóttir útskrifast af sjúkraliðþraut frá Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum.

Bestum árangri á stúdentsprófi að þessu sinni náði *Ágúst Máni Aðalsteinsson*.

tekið af www.fas.is

Útskrift hjá fræðslunetinu

Þann 29. maí síðastliðinn var útskrift Fræðslunets Suðurlands. Að þessu sinni útskrifuðust 11 nemendur úr Fagnámi í umönnun fatlaðra, þrjú fengu afhentar niðurstöður úr raunfærnimati fyrir félagsliða og einn nemandi útskrifaðist sem félagsliði af félagsliðabru.

Allir þeir sem luku námi sínu þetta vorið hjá Fræðslunetinu eru starfsmenn sveitarfélagsins og var fagnámið liður í endurmenntun heimaþjónustudeildar. Endurmenntun er mikilvæg til að auka faglega vitund og skilning í starfi en ætti einnig að leiða til þess að þjónusta starfsfólks verði framsæknari og metnaðarfullri. Endurmenntun er mikilvæg fyrir alla – fyrir einstaklinginn, vinnustaðinn, samfélagið og síðast en ekki síst fyrir þjónustuþega. Sveitarfélagið er lánsamt með starfsfólki sitt sem er opið fyrir því að sækja sér endurmenntun til að verða betri starfskraftar sem verður að teljast mjög dýrmætt.

Það er stór áfangi að ljúka námi og við hjá Fræðslunetinu óskum öllum innilega til hamingju með árangurinn.





Hofskirkja

Fermingarmessa

sunnudaginn 10. júní kl. 14

Fermd verður Embla

Hafsteinsdóttir, Hnappavöllum 4

Verið öll hjartanlega velkomin

Prestarnir

Sumarbústaður í Stafafellsfjöllum



Til sölu sumarbústaður á góðum stað á gróinni lóð, 220 volta rafmagn, heitt og kalt vatn, vatnsuppspretta innan lóðarmarka.

Uppl. Petra 848-5700

Dagdvöl aldraða gefur



Starfsemi í dagdvöl aldraða í Ekrunni er kraftmikil. Þar eru að jafnaði í kringum 10 einstaklingar yfir daginn sem hafa ýmislegt fyrir stafni. Hópur kvenna þar er iðinn við þrjónaskap og aðrar hannyrðir. Hannyrðirnar eru til sölu í Ekrunni og hægt er að versla hjá þeim alla daga á meðan dagdvölin er opin eða frá kl. 10-15 alla daga. Það vill þó safnast fyrir varningur sem ekki gefst en í gegnum árin hefur Rauði kross Íslands notið góðs af. Nú á dögumum gaf dagdvölin 50 pör af ullarsokkum og 50 pör af vettlingum í Rauðakross bílinn Frú Ragnheiði.

Frú Ragnheiður – skaðaminnkun er verkefni sem hefur það markmið að ná til jaðarsetta hópa í samfélaginu eins og heimilisláusra einstaklinga og einstaklinga sem nota vímuefni um æð. Frú Ragnheiður er sérinnréttaður bíll sem er ekið um götur höfuðborgarsvæðisins á kvöldin, sex kvöld í viku. Í Frú Ragnheiði er annars vegar starfrækt hjúkrunarmóttaka þar sem einstaklingar geta komið og fengið heilbrigðisástoð eins og aðhlyningu sára, umbúðaskipti, blóðþrýstingsmælingu, saumatöku og almenna heilsufarsráðgjöf. Hins vegar er boðið upp á nálaskiptaþjónustu, þar sem einstaklingar sem sprautu vímuefnum í æð geta komið og sótt sér hreinar nálur, sprautur, nálabox og annað sem þarf til að draga úr líkum á smíti. Hlýir sokkar og vettlingar koma sér örugglega vel fyrir einstaklinga sem nýta sér þjónustu Frú Ragnheiðar.

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

Ferðafélagið auglýsir eftir sjálfbóðaliðum í vinnuferð í Múlaskála á Lónsöræfum helgina 16. til 17. júní. Þeir sem hafa áhuga á að koma með og leggja félaginu lið hafa samband við Möggu 868-7624 eða Jón 848-1958 fyrir miðvikudaginn 13. júní.



Á söguslóð

Álftafjörður – Víðdalur – Lónsöræfi. 10. til 13. ágúst. Laust er í þessa frábæru ferð undir leiðsögn Jóns Bragasonar. Áhugasamir skrái sig hjá Möggu í síma. 868-7624 eða maggape@simnet.is.

Manstu eftir taupokanum?

ÞOKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland



Fiskhól 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Rítstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490

 **Frumherji**

Bifreiðaskoðun á Höfn

18., 19. og 20. júní.

Tímamantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 15. júní.

Næsta skoðun 16., 17. og 18. júlí.

Frumherji

Þegar vel er skoðað

Sumaráhrifin og lestur

Sumarleyfi grunnskólabarna er handan við hornið og mörg þeirra farin að lita hýru auga til þess að þurfa ekki að vakna snemma, taka sig til fyrir skólann og læra heima. Íslensk grunnskólabörn eru að jafnaði í 10-11 vikna sumarfrí þar sem þau eru laus undan stundatöflu og skólabjöllu. Þetta langa frí er eflaust mörgum kærkomið en það er hins vegar vel rannsakað að sumarfrí nemenda hefur í för með sér ákveðna afturför fyrir nám þar sem fyrri þekking og færni gleymist vegna þess að henni er ekki haldið við yfir sumartímann. Þetta eru svokölluð sumaráhrif. Hvað lestrarfærni varðar getur þessi afturför numið einum til þremur mánuðum á hverju sumri og hjá barni í 6. bekk, sem aldrei hefur lesið yfir sumartímann, getur uppsöfnuð afturför numið einu og hálfu skólaári. Sumarfrí eru vissulega nauðsynleg og hér er ekki mælst til þess að skipulögðu námi sé haldið að börnum á sumrin en góð lestrarfærni liggur til grundvallar og auðveldar nemendum allt nám svo það er ákaflega mikilvægt að henni sé haldið við yfir sumartímann. Yngstu lesararnir, eða nemendur í 1.-4. bekk, eru sérstaklega viðkvæmir fyrir sumaráhrifunum en börn sem glíma við lestrarerfiðleika, búa við litla lestrarmenningu heima fyrir eða eiga annað móðurmál en íslensku, eru einnig í áhættuhópi. Góðu fréttirnar eru þær að rannsóknir sýna einnig að ekki reynist nauðsynlegt að lesa meira en fjórar til fimm bækur yfir sumarið til að viðhalda lestrarfærninni og auðvitað leiðir mikill lestur til margs konar ávinnings fyrir skólagöngu og almenna velsæld nemenda. Sá ávinningur birtist í bættri lestrarfærni, miklum orðaforða, bættum lesskilningi, aukinni færni við ritun og svona mætti lengi telja. Og ekki má gleyma bókagaldrinum sem fær lesarann til að gleyma stund og stað og öðlast upplifun og reynslu af fyrirbærum sem eru misfjarlæg í tíma og rúmi. Við viljum minna á að útlán bókasafnanna, fyrir börn undir 18 ára



aldri, eru ókeypis og að starfsfólk bókasafnanna er ávallt boðið og búið að aðstoða börn og foreldra við að finna og velja bækur sem falla að áhugasviði þeirra. Með þetta í huga vilja Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna og Menntamálastofnun hvetja nemendur og foreldra til lestrardáða í sumar með því að vera dugleg að heimsækja bókasöfnin og taka til dæmis þátt í árlegum sumarlestrarspretti eða með því að nýta sér sumarlæsisdagatal Menntamálastofnunar.

https://www.mms.is/sites/mms.is/files/dagatal_mms_sumarlestur2018.pdf

Gleðilegt lestrarsumar!

Nýjung í samskiptaformi á heilsugæslunni á Hornafirði

Heilsuvera.is er vefsvæði þar sem notandi getur átt í samskiptum við heilbrigðisþjónustuna og nálgast gögn sem skráð eru um hann í heilbrigðiskerfið á Íslandi. Heilsugæslan á Hornafirði býður upp á þjónustu í gegnum heilsuveru. Allir einstaklingar hafa aðgang að lyfseðlalista, lyfjaúttektum, bólusetningaupplýsingum og upplýsingum um skráðan heimilislækni eða heilsugæslu. Einnig geta einstaklingar á starfssvæði HSU Hornafirði pantað tíma á heilsugæslustöðinni.

Til að skrá sig inn á Heilsuveru er krafist rafræna skilríkja. Viðkomandi þarf að vera með SIM-kort (símakort) sem styður rafræn skilríki. Hægt er að kanna hvort símakortið þitt styður rafræn skilríki. Styðji símakortið ekki rafræn skilríki getur fólk orðið sér úti um slík á heimasíðu símafyrirtækja. Virkja þarf skilríkin í viðskiptabanka viðkomandi. Hafi fólk ekki möguleika á rafrænum skilríkjum í símann, eða vill það ekki, er hægt að sækja um einkaskilríki frá Auðkenni.

Eftirfarandi virkni er í boði í Heilsuveru:

- Lyfseðlar, aðgengilegt yfirlit yfir lyfseðla sem eru í lyfseðlaskrá Landlæknis. Einfalt viðmót til að óska eftir endurnýjun á ákveðnum lyfjum gegnum vefinn án þess að þurfa hringja inn eða koma á heilsugæslu.
- Bólusetningaskrá, yfirlit yfir bóluefni sem þér hafa verið gefin samkvæmt bólusetningarskrá Sóttvarnalæknis.
- Tímabókanir, hægt að bóka tíma hjá lækni. Nauðsynlegt er að vera skráður á stöðina til að geta bókað. Tekið skal fram að framboð af vefbókanlegum tímum getur verið misjafnt.
- Líffæragjöf, hægt er að taka afstöðu til líffæragjafar.
- Senda inn fyrirspurn til læknis.

Sú nýjung hefur verið tekin upp á Hornafirði til að nálgast niðurstöður úr blóðprufum á heilsugæslunni á Höfn. Niðurstöðurnar verða sendar inn í heilsuveruna þína. Það virkar þannig:

- Þú færð sms um að þú eigir skilaboð í heilsuveru.

- Þú ferð inn á heilsuvera.is, skráir þig inn með rafrænum skilríkjum.
- Ef þú ert ekki með rafræn skilríki, kíktu þá inn á skilríki.is
- Inn á heilsuverunni getur þú skoðað skilaboð frá heilsugæslunni.
- Heilsuvera er gátt milli þín og heilsugæslunnar, öruggt samskiptaform sem gerir þjónustuna aðgengilegri.





Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi „Höfn Útbær Óslands“

Bæjarstjórn Hornafjarðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi Höfn Útbær Óslands samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin nær til lóða merktar D, E og F við Óslandsveg. Opnað er á möguleikann á að sameina tvær til þrjár lóðir og á lóðunum verði heimilt að byggja upp gistingu/hótel á tveimur hæðum ásamt þjónustu og veitingasölu.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 frá og með fimmtudeginum 7. júní nk. til og með mánudagsins 23. júlí 2018.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út mánudaginn 23. júlí 2018. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofum Hornafjarðar, Hafnarbraut 27.

Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S. 4708000 / www.hornafjordur.is



VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ KRAFTMIKLU FÓLKI TIL STARFA

Bréfberi í sumarafleysingar

Pósturinn leitar að kraftmiklum og ábyrgðarfullum einstaklingi til starfa sem bréfberi í sumarafleysingum. Um er að ræða 60% starfshlutfall.

Starfið felst í dreifingu og flokkun pósts á Höfn. Hressandi útivera og miðað er við að sumarstarfsmaður starfi út ágúst. Tímabil er umsemjanlegt.

Stundvísi, áreiðanleiki og samviskusemi eru skilyrði.

Umsóknarfrestur er opinn þar sem mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Tekið er á móti umsóknum á postur.is.

Pósturinn er með Gullmerki jafnlaunaúttektar PwC og hvetur jafnt konur sem karla til sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir: Jenný Viborg Gunnarsdóttir í síma 478-1101 eða í netfangi jenny@postur.is

Félagsmót Hornfirðings og úrtaka fyrir LM í Reykjavík 2018, verða haldin helgina 9. - 10. júní.

Keppnisgreinar:

- Pollaflokkur (skránning á staðnum á sunnudag)
- Barna- unglinga og ungmennaflokkur
- A, B og C-flokkur gæðinga (C-flokkur fyrir áhugamenn)
- Tölt T1 Opinn flokkur og T7 áhugamenn og yngri en 17 ára
- Unghrossaflokkur 4. og 5. vetra (fædd 2013 og 2014)
- Kappreiðar, 100m skeið og 300 m. stökk

Útigrill og Skógeyjarútreið á laugardagskvöld.

Ath. Allar keppnisgreinar eru opnar fyrir hesta og knapa frá öðrum hestamannafélögum.

Skránning á www.sportfengur.com senda greiðslukvittun á netfang: lenam@hornafjordur.is.

Skráningu lýkur fimmtudaginn 7. júní kl. 20.

Skráningargjald er kr. 4.000,-

Nánari upplýsingar um dagskrá og tímasetningar birtast á www.hornfirdingur.is og Facebookarsíðu Hornfirðings, þegar nær dregur.

Stjórn Hornfirðings



HM á Hafinu

Allir leikir Íslands verða í beinni á breiðtjaldi

Opnum klukkutíma fyrir leik

Allir velkomnir, ekkert aldurstakmark

Fjölmönnum og styðjum strákana

